

þetta atriði. Lögmaður stefnda ítrekaði kröfu sína og rökstuddi. Lögmaður stefnanda mótmælti ekki kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu, en mótmælti framkominni kröfu sem of hárti og óskaði eftir því, að fjárhæðin yrði lækkuð. Rökstuddi lögmaðurinn kröfu sína og lagði atriðið í úrskurð dómsins.

Þegar lítið er á fyrirmæli 183. gr. laga nr. 85/1936, þá eru þau svo skýlaus, að taka verður kröfu umboðsmanns stefnda um tryggingu til greina, enda hefur kröfunni sem slíkri ekki verið mótmælt, heldur einungis fjárhæð tryggingarinnar. Ekki verður fallt á það með lögmanni stefnanda, að krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 sé of há, og verður krafa umboðsmanns stefnda um kr. 50.000.00 tekin til greina, og ber lögmanni stefnanda að setja hana fyrir 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir að nýju á reglulegu dómþingi.

Úrskurð þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, og meðdómendurnir Jóhann J. Ólafsson kaupmaður og Gaukur Jörundsson lektor.

Úrskurðarorð:

Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Steinige & Weilig setji Páli Pálmasyri lögfræðingi f. h. The Coca-Cola Company kr. 50.000.00 tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir hinn 21. febrúar n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Miðvikudaginn 5. marz 1969.

Nr. 105/1968. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Erlingi h/f (Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Eliasson og

Páll Þorbjörnsson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júní 1968 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins fékk skipstjórinn á v/b Hringver, VE 333, sem var eign áfrýjanda, að láni akkerisfesti þá, sem um er fjallað í málinu, í desembermánuði 1963 til að nota hana sem kjölfestu. Var festin logskorin í búta, áður en hún var sett um borð í bátinn. V/b Hringver fórst í janúarmánuði 1964. Ósannað er, að samráð hafi verið haft við stefnda um skipti þessi, en sonur hans, sem virðist hafa farið með útgerðarstjórn af hans hendi, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi að beiðni skipstjórans fengið mann til að logskera festina í sundur og séð það verk unnið. Festin hafi bæði verið ryðguð og tærð, en verið geti, að hún hafi verið einhvers virði sem brotajárn. Þegar litið er til þessa, má á það fallast, að nefndur útgerðarstjóri hafi mátt treysta því, að verðmæti festarinnar væri eigi meira en verðmæti hennar sem brotajárns. Stefndi hefur engra gagna um það aflað, hvert hafi verið raunverulegt verðmæti akkerisfestarinnar, þegar hún var lánuð, né hvert hafi verið verð á brotajárni í Vestmannaeyjum á þeim tíma.

Þar sem mál þetta er svo vanreifað, verður eigi dómur á það lagður, og ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur samtals kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Erlingur h/f, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 22. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var í fyrradag, er höfðað hér fyrir dómi með utanréttarstefnu, útgefinni 12. maí f. á., en birtri 16. s. m., í nafni stefnanda, Sighvats Bjarnasonar, Ási hér í bæ, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20 hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 33.600.00 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 1. október 1963 hafi verið lánuð sem ballest stökkakeðja, 1.680 kg. að þyngd, í m/b Hringver, VE 393, en báturinn hafi verið eign stefnda. Keðjan hafi verið eign stefnanda og verið fengin að láni af þáverandi skipstjóra m/b Hringvers, Richard Sighvatssyni, með fullu samþykki útgerðarstjóra bátsins, Stefáns Helgasonar, Boðaslóð 23 hér í bæ, sonar stefnda. Hinn 13. janúar 1964 hafi m/b Hringver sokkið og keðjan með honum. Keðjan hafi verið 1", 1.680 kg. að þyngd, og er hvert kílógramm reiknað á kr. 20.00. Hafi stefndi ekki þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir fengizt til að greiða andvirði keðjunnar.

Mál milli sömu aðilja um sömu lögskipti hafi tvívegis áður verið rekin fyrir héraðsdómi hér í umdæmi.

Með dómi bæjarþings Vestmannaeyja, uppkveðnum hinn 21. nóvember 1966, er máli, höfðuðu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1964 og birtri s. d., vísað frá dómi, með því að gengið hafði verið fram hjá sáttanefnd.

Með dómi sama dóms, uppkveðnum hinn 8. apríl f. á., er máli, höfðuðu með stefnu, útgefinni 2. desember 1966, birtri 6. s. m., vísað frá bæjarþinginu.

Stefndi hefur í máli þessu krafizt algerrar sýknu og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Skipstjórinn á umræddu skipi, Richard Sighvatsson, hefur ásamt stýrimanni og öðrum skipsmanni gefið vottorð þess efnis, að sér hefði verið ráðlagt af fyrrverandi skipstjóra að fá aukna ballest í bátinn, og í því skyni fengið téða keðju lánaða með fullu samþykki útgerðarstjóra. Eftir að keðjunni hafði verið komið fyrir, hafi skipaefirtiltsmanni verið falið að líta á fyrir-

komulag ballestarinnar, er hann hafi talið til mikilla bóta (með tilkomu keðjunnar), en hefði hún þó mátt vera meiri að hans áliti. Richard kom síðan fyrir dóm (bæjarþing) hinn 14. október 1965 og kvað hann vottorð þetta satt og rétt, en eigi var framburður hans tekinn gildur sem eiðfestur og honum mótmælt sem rögum. Í vitnisburði sínum kveðst Richard hafa gengið í að fá umrædda keðju lánaða sem ballest í bátinn í samráði við Stefán Helgason, útgerðarstjóra skipsins. Hafi þeir báðir gengið upp að Erlingshúsi og skoðað hana. Hafi keðjan verið flutt niður á bryggju á bifreið tilheyrandi útgerð stefnda. Hafi Stefán síðan náð í mann til þess að logskera hana, áður en hún yrði sett í bátinn. Hafi ekki verið minnzt á neitt verð eða greiðslu fyrir keðjuna. Hún hafi upphaflega verið lánuð, og gerði skipstjóri ráð fyrir því, að henni yrði skilað seinna, eða þegar hann hætti á skipinu. Richard kvað keðjuna hafa verið í 1. flokks standi og engin tæring hafi verið í henni. Aftur á móti hafi hún verið ryðguð, en ekki til skaða. Richard kvaðst ekki með vissu vita, úr hvaða bát hún hafi verið, en hún hafi tilheyrt „Erlingunum“, en eigandi þeirra er stefnandi, og aðaleigandi, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, er Sighvatur Bjarnason, faðir Richards. Richard kvað Stefán útgerðarstjóra hafa verið viðstaddan, er skipaæftirlitsmaður skoðaði keðjuna um borð og benti á, að auka þyrfti ballest.

Í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 3. febrúar 1964, kveðst stefndi ekki hafa þann heiður að þekkja fyrirtækið Erling, hvað þá átt við það viðskipti, hvorki um keðjukaup né annað. Hafi Hringver haft fyllsta búnað bæði að því er legufæri og annað snerti og verið í IAI + hjá Norsk Veritas og styrktur til siglinga í ís m. m. Ekki hafi heldur vantað kjölfestu og hafi stefndi spurt syni sína, þá, er með útgerðarstjórn fara af hans hálfu, og kveði þeir sig hvorki hafa keypt né fengið lánaða neina keðju, en í heimahöfn geti enginn nema útgerðarstjórn bundið útgerð. Hins vegar hafi stefndi heyrt minnzt á gamla keðju, sem ekki hafi verið nýtandi nema sem brotajárn og „tryggingafélag hafi borgað á s.l. ári í tryggingu skips, sem fórst og keðjan mun hafa tilheyrt, en verið í landi, er skipið sökk“.

Í „aðildarskýrslu“, dags. 28. febrúar 1964 endurtekur stefndi meginefni bréfsins, og kveður hann þar Stefán, son sinn, fyrst hafa vitað um keðjuna, er Richard var kominn niður á bryggju og farinn að taka hana um borð, og er til þess hafi komið, að

skipstjóri lét logskera keðjuna í búta, hafi Stefán spurt, hvort þetta væri ekki eyðilegging á keðjunni, en skipstjóri svarað því til, að aldrei kæmi til, að keðjan yrði tekin í land, enda væri hún ónýt. Þá kveður stefndi það liggja fyrir, að keðjan væri frá m/b Erlingi IV, er farizt hafi síðastliðinn vetur með manntjóni, en verið tekin í land, áður en báturinn sökk, og lætur stefndi að því liggja, að keðjan hafi verið tekin í land, áður en báturinn sökk, án vitundar Skipaæftirlits ríkisins og þá væntanlega án þess, að annað kæmi í staðinn. Þá staðhæfir stefndi, að Erlingur hafi verið „borgaður út af Bataábyrgðarfélaginu Samábyrgðinni og ríkissjóði, án þess til frádráttar kæmi vegna legufæranna, sem í landi voru“. Þá leggur stefndi í skýrslunni áherzlu á, að aðaleigandi Erlings sé einn af stjórnendum Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja. Stefndi kveður enga kröfu hafa legið fyrir af hendi ábyrgra aðilja um aukna kjölfestu í Hringver. Hann kveður og, að þar sem vottorðsgjafinn „á dskj. nr. 3“ (dskj. nr. 8 í þessu máli) kveði sig hafa fengið keðjuna lánaða, þá hafi það verið af persónulegum ástæðum hans án nokkurrar fjárhagsskuldbindingar á hendur útgerðinni, enda henni með öllu óviðkomandi og skipti engu máli, þótt Stefán Helgason léti það afskiptalaust, enda hafi hann ekkert um keðjuna vitað, fyrr en hún var komin að skipinu. Þá kveður stefndi allt óvíst um magn keðjunnar, en hitt ljóst, að um verðmæti væri ekki að ræða „til notagildis“, í mesta lagi þá um brotajárnsverðmæti að ræða, sem engu máli skipti fyrir útgerð Hringvers. Hann ítrekar síðan, að keðjan sé útgerð hans með öllu óviðkomandi, hvorki keypt né fengin að láni af útgerðinni. Hann kveður það og liggja fyrir, að Erlingur h/f gæti ekki átt keðjuna, þar sem það fyrirtæki hafi verið búið að fá keðjuna greidda með tryggingarbótum fyrir Erling IV. Hann kveður og skipstjóra aldrei hafa minnzt á keðjuna við sig og að það fyrsta, sem hann heyri um hana, sé kröfubréf „Útvegsbankalögfræðingsins“, þ. e. lögmanns stefnanda. Keðjan hafi þannig verið allt í senn verðlaus eign annars aðilja, en fylgifé skipstjóra og á hans persónulegum vegum í skipinu. Skipstjóri hafi fengið greiddar að fullu hámark bóta fyrir muni þá, er útgerðin tryggði hans vegna um borð í skipinu, og kveður stefndi, að keðjan mundi falla undir þá tryggingu og hafi skipstjóri kvittað fyrir öllum kröfum sínum á hendur útgerð Hringvers.

Séð hefur verið ástæða til að leggja fram sönnunargagn fyrir þessari kvittun skipstjóra, sbr. dskj. nr. 12.

Í greinargerð stefnda, dskj. nr. 22, sem er að mestu leyti samhljóða efnishlið greinargerða bæjarþingsmálanna, er einnig liggja frammi í máli þessu (dskj. nr. 10 og 20), segir svo m. a.:

Að málið snúist um ábyrgð útgerðarmanns á hlut, sem skipstjóri hafi fært um borð í heimahöfn án vitundar útgerðarmanns, en skipið síðan farizt með þessu um borð, og í málinu séu engar sönnur færðar á, að hér hafi verið um nokkurt verðmæti að tefla. Lögd er áherzla á, að þáverandi skipstjóri Hringvers sé sonur stjórnarformanns og meðstjórnanda, þ. e. meiri hluta stjórnar stefnanda.

Þá er í greinargerð vikið að framburði Stefáns Helgasonar, útgerðarstjóra stefnda, er var yfirheyrður fyrir dómi (í bæjarþingsmálinu) sama dag og Richard, og þó á undan, og liggur endurrit þeirrar vitnaleiðslu frammi í máli þessu, dskj. nr. 18.

Stefán var látinn hlýða á „aðildarskýrslu“ föður síns, er hann kvað rétta, að því bezt hann vissi.

Sjálfur kom stefndi hins vegar aldrei fyrir dóm.

Enginn af stjórnarmönnum stefnda hefur og gefið aðiljaskýrslu, enda sýnilega þarfлаust.

Stefán kvaðst í fyrstu ekki hafa vitað annað um téða keðju en það, sem í „aðildarskýrslunni“ greinir, en segir síðar, að hann hafi ekki „gengizt í það sjálfur að fá lánaða keðjuna“, en verið áhorfandi að, er skipstjóri lét logskera keðjuna með það fyrir augum að nota hana sem kjölfestu í Hringver. Nánar aðspurður kvaðst Stefán hafa náð í manninn, sem logskar, og hafi hann gert það eftir beiðni skipstjóra. Hann kvaðst ekki hafa flutt keðjuna niður á bryggju. Hann kveðst minna, að keðjan væri úr Erlingi IV. Hann kvaðst álíta keðjuna kunna að hafa haft verðgildi sem brotajárn, en ekki sem akkeriskeðja, og í því ástandi, sem hún var, bæði ryðguð og tærð. Hann kvaðst loks ekki vita til þess, að Skipaskoðun ríkisins hafi gert kröfu um aukna ballest í bátinn. Eigi kvað hann hafa verið minnzt á greiðslu fyrir keðjuna og ekki hafi hann reikað með, að reikningur kæmi fram á hendur útgerðinni hennar vegna.

Í framburði sínum sama dag segir Richard skipstjóri hins vegar, að Stefán hafi verið viðstaddur, er Runólfur Jóhannsson skipaefirtirlitsmaður hafi komið um borð og sagt, að mikil bót væri að þessari aukningu ballestarinnar, en þó mætti ballestin vera meiri. Hafi Runólfur komið um borð til að skoða skipið vegna væntanlegrar utanlandssiglingar. Hafi Runólfur ekki vakið athygli skipstjóra á þörf fyrir aukningu kjölfestunnar, heldur fyrrverandi skipstjóri, sem áður greinir. Richard kvað ekki verðmætismat

hafa farið fram á keðjunni, en „hún hafi alveg staðið fyrir sínu“. Richard taldi og, að unnt hafi verið, þrátt fyrir logskurð keðjunnar í búta, að nota hana í legufæri. Keðjan hafi verið lásuð saman í liði og hafi verið unnt að lása hana saman aftur, enda hafi hún ekki verið logskorin smátt sundur. Keðjuna kvað Richard ekki hafa verið vegna, enda óþarft, þar eð liðirnir segi alveg til um þunga á keðjum af þessum gildleika.

Vitnisburður Stefáns var tekinn upphaflega sem eiðfestur væri, en vitnisburður Richards (er gefinn var á eftir) ekki og honum mótmælt sem röngum. Þá var framburði Stefáns einnig mótmælt sem röngum, en engum þáttum vitnisburðanna mótmælt sérstaklega.

Í greinargerð er því haldið fram, að Stefán hafi aldrei samþykkt lán keðjunnar, þar eð hann hafi aldrei verið um það spurður, einungis verið áhorfandi og náð í logskurðarmanninn eftir beiðni skipstjórans.

Þá er lögð áherzla á, að aldrei hafi verið gerður neinn samningur við stefnda um greiðslu fyrir umdeilda keðju, enginn kaupsamningur, leigusamningur né flutningssamningur. Hafi og engin eignaryfirlæsing átt sér stað. Það hafi fyrst verið, eftir að Hringver fórst, að stefnda verði kunnugt um, að „keðjubútarnir“ hafi verið um borð. Hafi stefndi þannig ekki með neinum samningum tekið að sér að greiða andvirði keðjuhlutanna. Úrlausnatriði verði því eftir atvikum, hvort stefndi sem útgerðarmaður og eigandi Hringvers beri að lögum ábyrgð á greiðslu fyrir þess háttar hluti, ef og að svo miklu leyti þeir væru taldir hafa verðmæti, sem séu um borð í skipinu og farizt með því án þess að vera komnir þangað með samþykki eða fyrir atbeina útgerðarmanns né með vitneskju hans.

Þá segir í greinargerðinni, að í 251. gr. laga nr. 56/1914 hafi verið ákvæði þess efnis, að krafa, sem kröfuhafi gat ekki leitað sér fullnustu fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrétt í (takmörkuð ábyrgð útgerðarmanns) missist hver um sig, sé henni ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímamarka, sem þar greinir, í 1.—6. tl., og fjalli 2. tl. um kröfur til skaðabóta fyrir *glataðan* eða skemmdan farm, áður en ár sé liðið frá því, er affermt var samkvæmt 205. gr. laga nr. 66/1963, beri útgerðarmaður takmarkaða ábyrgð á kröfum, sem þar eru taldar upp í 8 töluliðum. Í 1. tl. séu m. a. taldar „bótakröfur fyrir *glataða* eða skemmda vöru, sem skipstjóri hafi tekið við til flutnings, og hvers konar muni, sem á skipi eru“. Krafa í máli þessu sé þess eðlis,

að útgerðarmaður ábyrgðist hana aðeins með skipi og farmi að svo miklu leyti sem um verðmæti sé að tefla, en því er mjög fram haldið, að óvíst sé, að svo hafi verið, er keðjan var sett í bátinn, alls staðar sé hægt að fá brotajárn hér í Eyjum fyrir ekki neitt, en hafi verið þörf fyrir skipstjóra að auka kjölfestu í bátnum, hafi ekki verið vit að taka til þess verðmætan hlut, heldur hafi átt að afla þess, sem ekkert kostaði. Þá segir í greinargerð, að þar sem ekkert vigtarvottorð liggi fyrir, sé málið vanreifað að þessu leyti, og loks segir, að með því að útgerðarmaður hafi aðeins ábyrgzt hugsanlega kröfu með skipi og farmi, en það allt horfið í hafsins djúp hinn 13. janúar 1964, sem áður greinir, séu þá ekki eftir neinir hlutir, er tryggðu kröfuna eða gátu verið andlag aðfarar. Beri því að sýkna útgerðarmann.

Enn er á það minnzt í greinargerð, að staðhæft sé af stefnda, að umrædd keðja hafi áður tilheyrt Erlingi IV, sem sokkið hafi „veturinn 1963“. Hafi keðjan verið úr téðu skipi, beri að sýkna útgerðarmann vegna aðildarskorts, þar sem Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja væri þá eigandi keðjunnar.

Að lyktum áréttar lögmaður stefnda „aðildarskýrslu“ stefnda, dskj. nr. 11.

Við munnlegan flutning kvað lögmaður stefnda skipstjóra enn fremur hafa farið út fyrir valdamörk sín í heimahöfn, en það skipti þó engu máli. Hafi útgerðarmaður átt að ábyrgjast umrædda kröfu, hafi sú ábyrgð verið takmörkuð og fallið niður samkvæmt ákvæðum siglingalaga, er skipið fórst. Enn fremur taldi lögmaður óupplýst, að keðjan hafi verið eign stefnanda, en andmælti því eigi og lagði áherzlu á, að skipstjóri hefði kvittað fyrir greiðslu bóta fyrir allt sitt um borð í skipinu. Kvað lögmaður stefnda engin lögskipti hafa átt sér stað milli aðilja í máli þessu. Sé málið höfðað af röngum aðilja. Kvað hann við aðgerðir skipstjóra ekkert kröfuréttarsamband hafa skapazt milli stefnanda og stefnda, hins vegar aftur á móti milli stefnanda og Richards Sighvatssonar og milli Richards og stefnda.

Hins vegar kvað lögmaður þau lögskipti, er skapazt höfðu fyrir aðgerðir skipstjóra, vera lán til afnota, en að því ætti stefndi enga aðild.

Taka ber fram, að staðhæfingar stefnda um tryggingarmisferli stefnanda eru með öllu ósannaðar. Lagt hefur verið fram vottorð Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja þess efnis, að Erlingur IV. hafi verið virtur til tryggingar í Bataábyrgðarfélaginu frá 1. janúar 1963, þá með fullkomnum legufærum. Hvorki Bataábyrgð-

arfélagið né önnur tryggingafélög hafa gert tilkall til eignarréttar yfir umræddri keðju og hafa hvergi verið með rökum bornar brigður á, að stefnandi hafi verið eigandi keðjunnar, er hún fór niður með v/s Hringver, hvort heldur sem hún hefur áður verið notuð í m/b Erlingi IV., öðru skipi eða jafnvel fleiri skipum en einu.

Verður því hér lagt til grundvallar, að stefnandi hafi verið lögmætur eigandi keðjunnar.

Jafnframt því sem ekkert bendir til þess, að keðjan hafi fengizt bætt af tryggingarfé Erlings IV., er á hinn bóginn jafn lítt hugsandi, að stefndi hafi fengið hana bætta af tryggingarfé v/s Hringvers, en á því imprar lögmaður stefnanda í hinu upphaflega innheimtubrési sínu, dags. 30. janúar 1964.

Þeir Stefán útgerðarstjóri og Richard skipstjóri hafa aldrei verið samprófaðir um það atriði, hvort keðjan hafi verið fengin í samráði við Stefán og hvort Stefán hefði gengið með Richard upp að Erlingshúsi og skoðað hana, enda verður að telja algert aukatriði, á hvaða stigi afskipti Stefáns af keðjunni hefjast svo og hvenær honum barst vitneskja um áform skipstjóra í þessu sambandi.

Þá hafa Stefán og Richard ekki verið samprófaðir um það, hvort Stefán hafi verið viðstaddur, er Runólfur skipaæftirlitsmaður leit á keðjuna sem kjölfestu, né heldur hefur skipaæftirlitsmaðurinn verið kallaður fyrir dóm ellegar fyrrverandi skipstjóri, enda teljast þessi atriði engu máli skipta, þar eð dómurinn lítur svo á, að það sé skipstjóri einn, sem taki ákvörðun um kjölfestu í skipi sínu og því með öllu óþarft að deila um kjölfestubörfina.

Dómurinn lítur og svo á, að umrædd keðja hafi komið að verulegum notum sem kjölfesta.

Þá hafa Stefán og Richard ekki verið samprófaðir um, hvort keðjan hafi verið tærð eða ekki, en það atriði skiptir þó litlu, þar eð dómurinn lítur svo á, að keðjan hafi á þessu stigi ekki lengur haft gildi sem legufæri.

Dómurinn er sammála lögmanni stefnda um, að eigi hafi verið gerður fullkominn formlegur samningur um umdeilda keðju í eina átt né aðra milli stefnanda og stefnda.

Hins vegar lítur dómurinn svo á, að skipstjóri hafi hvergi farið út fyrir valdmörk sín í þessu sambandi og komi sérreglur siglingalaganna um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns ekki til álita í þessu máli.

Þá telur dómurinn fráleitt að telja umrædda keðju persónulegt

fylgifé skipstjóra, er hann hafi fegið bætt samkvæmt dskj. nr. 12.

Þess ber að gæta, að auk áðurraktrar vitneskju, ef ekki þegjandi samþykkis, útgerðarstjóra og aðstoðar hans við skipstjóra um útvegum logskurðarmanns hefur því hvergi verið mótmælt, að keðjan hafi verið flutt að borði v/s Hringvers með bifreið útgerðar stefnda. Útgerðarstjóri segir aðeins, að *hann* hafi ekki flutt hana um borð.

Eigi velta úrslit málsins þó á þessu atriði, en með ákvörðun skipstjóra um notkun keðjunnar í umræddum báti og með vitneskju og aðstoð útgerðarstjóra stefnda álitur dómurinn, að stofnast hafi til beinna lögskipta milli eiganda keðjunnar, stefnanda í máli þessu, Erlings h/f, annars vegar, og útgerðarmanns og eiganda v/s Hringvers, stefnda í máli þessu, Helga Benediktssonar, hins vegar.

Lögskipti þau, er hér hefur til stofnast, eru tvímælalaust lán til afnota, þ. e. endurgjaldslaust lán um ótiltekinn tíma eða þar til lánveitandi krefst skila. Eru aðiljar raunar sammála um þá skýringu, enda þótt deilt sé um aðildir.

Höfuðreglan um lögskipti af þessu tagi eru samkvæmt íslenzkum rétti þau, að láni skuli heilu heim koma, en gjalda ella verði eiganda, sbr. ákvæði Jónsbókar frá 1281, þjófabálk, kap. 16.

Samkvæmt greindri reglu hvílir skilaskylda andvirðis jafnt á lánþegum, þótt hlutur farizt vegna slyss eða tilviljunar, er hann á enga sök á, enda þótt hann ábyrgist ekki eðlilegt slit.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði keðjunnar í því ástandi, sem hún var, er henni var komið fyrir í v/s Hringver sem kjölfestu, en telja verður eftir atvikum, að skipstjóri hafi haft heimild stefnanda, eiganda keðjunnar, til greindra aðgerða, þ. e. logskurðar í búta etc., enda hefur forsvarsmáður stefnanda, faðir skipstjóra, hvergi mótmælt því athæfi.

Samkvæmt Jónsbók, þjófabálki, kap. 16, skulu skynsamir menn meta til verðgildis glataðs hlutar, er svo stendur á sem hér.

Matsgerð hefur ekki farið fram, enda illa við komið eftir atvikum.

Ber dóminum því sjálfum að meta verðgildi keðjunnar.

Dómurinn vísar með öllu á bug verðreikningi stefnanda, dskj. nr. 9 (hvert kg. á 20.00), og metur að engu, að reikningurinn er viðurkenndur réttur af skipstjóra, sem hafa verður í huga, að er sonur forsvarsmanns stefnanda.

Þá telur dómurinn að engu hafandi vottorð frá Guðlaugi Stef-

ánssyni, sem vera mun umboðsmaður fyrir eitthvert keðjufirma. Vottorðið er dagsett 7. desember 1966, eða nær þrem árum eftir að Hringver fóst (en ekki er að fullu upplýst, hvenær keðjan var sett í skipið). Auk þess virðist hér miðað við nýja stokkakeðju. Samkvæmt vottorðinu kostar hver liður á 1" keðju (en ágreiningslaust er, að umdeild keðja hafi haft þann gildleika) kr. 9.130.00, en ágreiningslaust er, að umdeild keðja hafi verið fjórliða. Fjórliða 1" ný stokkakeðja ætti samkvæmt vottorðinu að kosta kr. 36.520.00 í árslok 1966, en þess er þó getið í vottorðinu, dskj. nr. 17, að verð sé lítið eitt breytilegt eftir lögun keðjunnar. Samkvæmt vottorðinu er hins vegar miðað við 384 kg. liði, en umdeild keðja er talin hafa 420 kg. þyngd pr. lið, alls 1.680 kg. á móti 1.536 kg. vottorðskeðjunnar. Vottorði þessu er réttilega mótmælt sem villandi og málinu með öllu óviðkomandi í greinargerð stefnanda, þar sem því er enn fremur mótmælt sem röngu. Dómurinn telur vottorðið, sem lagt er fram af stefnanda, þó hafa visst gildi stefnanda í óhag. Samkvæmt vottorðinu kostar ný keðja að svipaðri þyngd og umdeild keðja í árslok 1966 kr. 36.520.00, en keðja, sem þegar er orðin gömul, ryðguð og e. t. v. tærð, logskorin og bútuð niður a. m. k. þrem árum fyrr, er samkvæmt reikningi stefnanda talin 33.600.00 króna virði. Með öðrum orðum: ný keðja í árslok 1966 kostar um kr. 23.78 hvert kg., en stefnandi reiknar gamla, ryðgaða og sundurbútaða keðju, sem búíð er að taka úr umferð, a. m. k. í bili, og að öllum líkindum fyrir fullt og allt, um þrem árum fyrr á kr. 20.00 hvert kg.

Dómurinn er sammála um, að eins og málum var komið, hafi umdeild keðja ekki haft gildi sem legufæri.

Hins vegar hafnar dómurinn þeirri fullyrðingu stefnda, að keðjan hafi aðeins haft brotajárngildi, sem í stefnda augum jafngildir því, að keðjan hafi verið verðlaus.

Dómurinn álitur, að keðjan hafi haft visst gildi, t. d. í sambandi við baujur o. þ. h., í því ástandi sem hún var, er Hringver sökkt.

Dómurinn hefur orðið sammála um að meta keðjuna til peningaverðs með hliðsjón af öllum aðstæðum á kr. 10.00 hvert kg.

Vigtarvottorð liggur ekki fyrir og jafnframt því sem dómurinn álitur fráleitt að líta á það atriði sem vanreifun máls, eins og málum er háttað, þykir dóminum rétt að leggja uppgefna þyngd stefnanda til grundvallar, með því að sú þyngd er ekki ósennileg og henni hefur ekki verið mótmælt sérstaklega sem slíkri.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 16.800.00 í stað kr. 33.600.00, svo sem krafizt er.

Vexti þykir einungis eftir atvikum bera að dæma 7% í stað 8%, svo sem krafizt er.

Þá þykir og með hliðsjón af allri meðferð málsins einungis bera að reikna vexti frá birtingardegi sjó- og verzlunardómsstefnunnar í stað frá 1. janúar 1964.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir eftir atvikum hæfilega metinn kr. 4.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Erlingi h/f, kr. 16.800.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1967 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. marz 1969.

Nr. 45/1967. **Sigurbjörn Eiríksson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Ragnari Þórðarsyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Samningar. Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýj-